

þess að segja það líka, en þorði það ekki. Eg var hrædd um, að þú reiddist mér.“

*Forsjálni:* Lítill stúlka 7 eða 8 ára stóð einu sinni fyrir utan hliðið heima hjá sér og vildi komast inn. Í því kom maður gangandi fram hjá. Hún snýr sér að honum og segir: „Viltu gera svo vel að opna hliðið fyrir mig?“

Maðurinn gerði það. Segir svo við krakkann blíðlega: „En hvers vegna gast þú ekki lokið upp hliðinu sjálf, barnið mitt?“

Stúlku-hnokkinn svarar: „Af því málið var ekki orðið þurt. Líttu á hendurnar á þér.“

*Nærgætinn brúðgumi.* Piltur og stúlka giftust hérrna á dög-unum. Bæði voru þau í fastri stöðu. Daginn eftir giftinguna segir hún við manninn sinn, sem henni þykir undur vænt um:

„Nú, þegar við erum gift, er það bara einn einasti hlutur, sem mér þykir fyrir. Og það er það, að eg þarf að segja upp stöðu minni.“ — Hann tekur hana inn að sér og segir mjög ást-úðlega: „Elskan míni! Nú verður þú að vera í góðu skapi. Og eg vil gera alt fyrir þig, til þess þú getir verið það. Þú þarf ekki að segja upp stöðu þinni. Eg skal segja upp minni.“

---

Útgáfunefnd barnablaðs kirkjufélagsins þakkar unga fólk-inu fyrir nöfnin, sem það sendi. Það gladdi nefndina að verða vör við mikinn áhuga fyrir útgáfu blaðsins nú þegar. Boðsbréf er verið að senda út um þessar mundir, og vonast nefndin eftir mörgum áskrifendum og góðum undirtektum.

---

„Sameiningin“ kemir út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin“—barnablaðið nýja—er sér-stök deild í „Sam.“, hálf örkl. Address ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

---

Hr. Sigrbjörn A. Gíslason í Reykjavík er aðal-umboðsmaðr „Sam.“ á Íslandi.

Hr. Jón J. Vopni er féhirðir og ráðsmaðr „Sam.“ og „Barnanna“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man. Canada.